

Arna Kristín Einarsdóttir lauk einleikaraprófi í flautuleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1990. Aðalkennari hennar var Bernard Wilkinson. Arna Kristín stundaði framhaldsnám við Indiana University í Bloomington og lauk Performance Diploma þaðan með láði 1992. Hún stefnir nú að lokaprófi frá Royal Northern College of Music í Manchester í Englandi á næsta vetri. Peter Lloyd hefur verið aðalkennari hennar í Bandaríkjunum og Bretlandi. Arna Kristín hefur fengist við kennslu í flautuleik við Tónmenntaskólann í Reykjavík, og meðal annars tekið þátt í tónleikum á vegum Caput-hópsins.

Aðalheiður Eggertsdóttir píanóleikari stundaði nám hjá Önnu Þorgrímsdóttur í Tónlistarskólanum í Reykjavík þaðan sem hún lauk einleikaraprófi vorið 1991. Hún sótti síðan einkatíma hjá sama kennara um tveggja ára skeið. Veturinn 1993-94 var hún nemandi Bohumilu Jedlickovu prófessors við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn. Aðalheiður starfar nú við kennslu og undirleik.

Geir Rafnsson slagverksleikari hóf nám við Tónlistarskóla Akureyrar 1983 hjá Roar Kvam. Frá árinu 1990 stundaði hann nám við Tónlistarskóla FÍH hjá Reyni Sigurðssyni, Pétri Grétarssyni, Maarten van der Valk og Steef van Oosterhout og lauk þaðan burtfararprófi vorið 1994. Geir hefur að undanförnum árum leikið reglulega með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Caput-hópnum, Kammersveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Arna Kristín Einarsdóttir
þverflauta

Aðalheiður Eggertsdóttir
píanó

Geir Rafnsson
slagverk

Priðjudaginn 25. júlí 1995 kl. 20:30

Efnisskrá

Fantaisie eftir Georges-Hüe var skrifuð árið 1913 sem prófverkefni við Tónlistarháskólann í París og tileinkuð Hennebains prófessor í flautuleik við skólann.

Í **Concertino Indio** teflir Alice Gomez fram ákaflega óvenjulegri hljóðfæraskipan - lítilli flautu og slagverki. Með þessari skipan, pentatóník og ójöfnum taktegundum tekst höfundi að flytja okkur með sér á indíánaaslóðir

Syrinx. Gríski skógarguðinn Pan varð yfir sig ástfanginn af fagurri gyðju og elti hana á röndum, en tókst ekki að ná henni. Að lokum brá hann á það ráð að breyta henni í sef. Úr sefinu skar hann bút og bjó til flautu sem hann kallaði Syrinx. Í flautuna blés hann langa tregafulla tóna í minningu um hina fögru gyðju.

Cinq Incantations, eða særingar, eftir André Jolivet voru samdar sumarið 1936. Tveir afdrifaríkir atburðir höfðu átt sér stað í lífi hans. Móðir hans var nýlátin og honum hafði einnig fæðst sonur. Það eru því sorgin og gleðin sem takast á í þessu áhrifamikla verki. Flautan var honum afar hugleikin enda taldi hann hana vera það hljóðfæri sem stæði manneskjunni næst.

Partita í c-moll eftir J.S. Bach var að öllum líkindum upphaflega skrifuð fyrir lútu. Heimildum ber þó ekki saman um uppruna hennar og sú útgáfa sem til er í dag fyrir flautu og sembal er unnin út frá útsetningu Carl Philipp Emanuel Bach fyrir klavier.

Georges-Hüe
(1858 - 1948)

Alice Gomez

Claude Debussy
(1862 - 1918)

André Jolivet
(1905 - 1974)

Johann S. Bach
(1685 - 1750)

Fantaisie

Concertino Indio
mayans
navaho
crow

Syrinx

Cinq Incantations
pour accueillir les négociateurs-
et que l'entrevue soit pacifique
pour que l'enfant qui va naître soit
un fils
pour que la moisson soit riche qui
naîtra des sillons que le laboureur
trace
pour une communion sereine de l'être
avec le monde
aux funérailles du chef pour obtenir
la protection de son âme

Partita í c-moll
Preludio
Fuga
Sarabande
Gigue